



Finna má flott tilboð á www.taramar.is/verslun sem inniheldur TARASÓL, AFTER SUN og BODY TREATMENT.

Margt er að varast þegar sólin hækkar á lofti

– ekki eru allar sólarvarnir heilhæmar

Það sem veitir okkur mesta gleði hjá TARAMAR er að uppgötva ný lífvirk efni í íslenski náttúru, mæla þau og rannsaka og fylgast svo með hvernig þau geta hjálpað fólki með allskonar vandamál er tengjast húð. Eitt risastórt vandamál sem einkennir þennan iðnað er hversu mikið er af óhollum og jafnvel skaðlegum innihaldsefnum í húðvörum. Nú þegar sólin fer að skína, þá magnast þetta vandamál upp, því sólarvarnir innihalda næstum alltaf efni sem eru ákaflega slæm fyrir húð og líkama. Þetta eru efni eins og oxybenzone sem finnst í > 65%

sólarvarna og er manngert efni unnið úr benzene sem er aukaafurð sem verður til við hreinsun jarðefna eldsneytis. Vísindarit sem fjalla um rannsóknir á innkirtlum og hormónum eru full af niðurstöðum sem sýna fram á skaðlega áhrif þessa efnis á innkirtlakerfi. Auk þessi liggja þessi efni undir sterkum grun um að geta valdið krabbameini, ófrjósemi, ertingu og óþoli í húð og öndunarfærum. Ljóst er að mörg efni sem eru borið á húðina fara inn í líkamann og efni eins og oxybenzone hafa mælst í þvagi og brjóstamólki hjá allt að 97% aðila sem hafa tekið þátt í slíkum rannsóknum.

Dæmi um sólarverjandi efni sem eru talin geta verið skaðleg fyrir menn og umhverfi: cinoxate, dioxybenzone, ensulizole, homosalate, meradimate, octinoxate, octisalate, octocrylene, padimate O, sulisobenzene, oxybenzone, avobenzene

TARASÓL®, sólarverjandi húðvara sem byggir á íslensku þangi

TARAMAR hefur stundað rannsóknir í þeim tilgangi að þróa skaðlausa sólarvörn í 5 ár. Í dag eru tvær vörur komnar á lokstig, TARASÓL sem er sólarvörn og AFTER-SUN sem græðir húðina eftir sólböð. TARASÓL byggir m.a. á eiginleikum þangs til að gleypa í sig sólargeisla og formúlan er með öllu skaðlaus húð og líkama. TARASÓL hefur verið metin af óháðum aðilum og sólarvarnargildi hennar mælt sem SPF 30. Þessi vara mun þó þurfa að fara í gegnum fleiri mælingar áður en hún getur verið skráð sem eiginleg sólarvörn á erlendum mörkuðum. Í dag hafa hundruð Íslendinga notað TARASÓL og um leið tekið þátt í könnunum á netinu. TARASÓL kemur mjög vel út og margir hafa bent á að húðin verður fallega brún án þess að brenna. Mikilvægt er þó að hafa í huga að TARASÓL nær ekki SPF 40-50, og því má ekki treysta eingöngu á hana ef viðkomandi er í sterkri sól í langan tíma. AFTER SUN er græðandi krem formúla sem gott er að bera á allan líkamann þegar komið er inn úr sólinni. Í



TARAMAR hefur þróað afar sérstaka aðferð; NoTox® sem er einkaleyfavin, til að framleiða afburða hreinar húðvörur úr jurtum, grænmeti, þangi og ávöxtum úr náttúru Íslands

raun er þetta ekki minna mikilvægt en að nota góða sólarvörn og margir bera hana einnig á húðina áður en farið er í sólbáð. Sólin hefur mikil áhrif á húðina og getur valdið ótímabærri öldrun, skaðað stoðtrefjar, elastine og collagen, þannig að húðin verður hrukkótt og fer að síga. AFTER SUN kremið er þróað til að vinna á mót þessum breytingum. Þessi vara byggir á íslenskum lækningajurtum og rannsóknir hafa sýnt að þessar jurtir hafa mikinn græðimátt og uppbyggileg sem og verndandi áhrif á húð, frumuhimnur og DNA mólekúlin. Því má bæta við að TARASÓL AFTER SUN getur einnig hjálpað við að róa og græða húð eftir skordýrabít (s.s. lúsmý), eða ef um er að ræða útbrot, roða, þrálátar sýkingar og ertingu í húð.

Rannsóknir TARAMAR hafa verið styrktar af RANNÍS, Háskóla Íslands, AVS og Evrópusambandinu. TARASÓL hlaut nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands árið 2017.

Vegna neikvæðra áhrifa sólarverjandi efna á lífríki þá hefur notkun sólarvarna verið bönnuð á mörgum baðströndum í heiminum, s.s. Hawaii, US, Virgin Islands, Aruba, Key West Florida, Bonaire, Palau, Cancoon og fleiri stöðum í Mexíkó. Sýnt hefur verið fram á að það þarf ekki mikinn styrkleika af þessum efnum til að skaða lífríkið. Þannig getur oxybenzone haft eitrandi áhrif á unga kórala í styrkleika sem er mjög lágur, eða örfáir dropar í heilli sundlaug.